

Árlega skal umboðsfulltrúi gera skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári. Skal hún prentuð og birt fyrir 1. október ár hvert.

Umboðsfulltrúi skal halda sérstaka spjaldskrá um öll móttækin erindi, sem hann fær til meðferðar. Fram skulu koma nöfn fyrirspyrjenda, dagsetning erinda, innihald erinda, og síðan skal skrá hvaða dag þau eru afgreidd, hvernig þau eru afgreidd og hvernig tilkynnt fyrirspyrjendum. Þá skal skrá við hvaða stofnanir málið er rætt.

Umboðsfulltrúi getur gefið opinbera tilkynningu um mál. Skal hann þá skýra frá hvaða skýringar hlutaðeigandi stjórnvald hefur borið fram sér til varnar.

Ráðning til starfs umboðsfulltrúa er nú til eins árs.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. febrúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Baldur Möller.

14. febrúar 1980.

Nr. 140.

AUGLÝSING

um samræmingu tolla samkvæmt 13. tl. 3. gr. laga
nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., samræmt tolla á eftirtöldum vörum svo sem hér segir:

Tollskrárnúmer sem vara flokkast í	Vörulýsing	Tollskrárnúmer sem samræmt er við
21.0719.	„Frost dessert, Vanille“	18.06.09
38.19.49	„Diabet“ eða svonefnt sætefni fyrir sykursjúka	21.07.03
38.19.49	„Scmincke Abdeckfarbe für photographische negative“ eða litarefni í 20 ml túpum til nota við að hylja galla á grafísk- um filmum	37.08.00
39.02.52	„LANIERE“ eða plastplötur m. a. til framleiðslu á vængja- og/eða rennihurðum	59.0809
39.02.52	„1000 Hour Cover Lens“ eða óbrjótanleg hlífðargler í raf- suðuhjálma	70.06.00
39.07.99	Myndarammar úr plasti	83.06.01
39.07.99	„Grozmilltonnen GMT 240, anthrazit“, eða 240 l sorpilát á hjólum	73.40.55
39.07.99	„MGB-System refuse Containers 120/220, mobile“ eða 120 og 220 l sorpilát á hjólum	73.40.55
39.07.99	„FERTIGROSETTEN“ eða svonefndar „pakkarósir“	62.05.19
44.28.99	Vörupallar („pallets“) úr trjáviði	39.07.13
46.03.09	Barnaburðarkörfur úr tágum	42.02.49
46.03.09	Barnaburðarkörfur úr basti	42.02.49
46.03.09	Búsáhaldasamstæður („Pic-nic“-sett) eins og hitaflöskur, bollar, diskar, gafflar, skeiðar, hnifar o. fl. í tóskum eða körfum, enda beri viðkomandi vörur það greinilega með sér, að ætlast sé til þess af hálfu framleiðanda, að þær	

Tollskrárnúmer sem vara flokkast í	Vörulýsing	Tollskrárnúmer sem samræmt er við
	verði seldar sem vörusamstæður (sett), og verðmæti ytri umbúða, tösku eða körfu, sé verðmætasti hluti vörusamstæðunnar, sbr. almenna túlkunarreglu 3 b. 1. gr. laga nr. 120 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum	42.02.20
48.07.42	Áprentaður pappír notaður sem klæðningarefni til bókbands	59.07.01
48.21.69	„Spring Blind Rollers“ eða fullbúnar svonefndar „vindu-gluggatjaldastengur“	44.28.87
48.21.69	„Coffee Filter Bags“ eða svonefndir „kaffikönnupokar“ úr pappír	62.05.19
68.12.09 og		
68.12.09	Lampar og lýsingartæki	69.13.01
69.09.00	„Intalox-Sattelkórper“ eða svonefndir leirsöðlar	39.07.76
70.20.20.	Vefnaður úr glertrefjum, enda sé ekki um að ræða unna vöru, sbr. aths. 6 við XI flokk 1. gr. tollskrárlaga	51.04.29
73.40.59	Virgrindur til framleiðslu á lampaskermum úr spunavöru, pappír o. fl.	39.07.47
73.40.59	„GUN-CLIPS“ eða plastræmur með vírstyrkingu til lokunar umbúða	39.07.18
73.40.59	Svonefndir „mannbroddar“ til festingar á skófatnað	64.05.09
73.40.59	Snjónaglar fyrir bifreiðahjólbarða	87.06.09
73.40.59	„ROSTFRIA KORSETFJÄDRAR“ og „PLASTENDEFJÄDRAR“ eða stálteinar í svonefnd sjúkrabelti	39.07.66
73.40.59	Pípu- og kapalfestingar	39.07.77
74.19.09 eða		
75.06.09	Silfurhúðaðar keðjur í metratali og einstakir tengihlutar fyrir þær	71.12.00
74.19.09	Pípu- og kapalfestingar	39.07.77
76.08.00	„Aluform shuttering material“ eða steypumót úr áli	73.21.06
76.10.04	Áletraðar dósir fyrir útflutningsvörur	73.23.04
76.16.19	Pípu- og kapalfestingar	39.07.77
84.61.15	„TRYCKREGULATORER“ eða svonefndir þrýstijafnarar fyrir lofitegundir, úr áli eða zinki	84.61.01
84.65.09	Tengikassar án rafbúnaðar	85.19.19
85.02.00	Segulsmellur og tilheyrandi mótstykki fyrir húsgögn o. fl.	83.02.02
85.22.20	„LIQUID CRYSTAL DISPLAY“ eða ljóskrystalstafir í rafeindabúnað	85.21.32
87.05.02	Tankar til flutnings á mjólk, sérstaklega hannaðir til festinga á vörubifreiðagrindur	73.22.01
93.04.09	„Very Light and Signal Pistols cal 4“ eða neyðarmerkjabyssur	39.07.75

Fjármálaráðuneytið, 14. febrúar 1980.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.